


LISTIR

Kirkjulista- hátíð 1995

KIRKJULISTAHAÁTÍÐ 1995 stendur frá 3.-18. júní í sumar. Á hátíðina kemur margt góðra gesta. Þar má telja þrjá organista, Gillian Weir frá Englandi, François-Henri Houbart frá Frakklandi og Edgar Krapp frá Þýskalandi. Vefarinn Else Marie Jakobsen, altsöngkonan Anne Lise Bernsten og organistinn Nils Henrik Asheim koma frá Norgegi og Óratoríukór Gustav Vasa kirkjunnar í Stokkhólmi og Konunglega hirðhljómsveitin koma frá Svíþjóð.

Við setningarathöfnina syngja barnakórar kirkna í Reykjavík nýja sálma eftir Hjalmar H. Ragnarsson og sr. Kristján Val Ingólfsson og fleira verður þar á dagskrá, sem ekki er fullmótað enn. Myndlistarsýning barna úr Myndlistarskólana

um í Reykjavík verður í anddyri, eitt af verkunum af sýningunni þrýðir kynningarbæklinginn. Kirkjukórar Reykjavíkurprófastsdæmis eystra syngja saman við undirleik Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna. Nýtt leikrit eftir Steinunni Jóhannesdóttur verður flutt, og fjallar þar um líf Guðrúnar Símonardóttur. Svo ná nefna Requiem og Litaníu Mozarts í flutningi Sólrúnar Bragadóttur, Hrafnhildar Guðmundsdóttur, Gunnars Guðbjörnssonar og Magnúsar Baldvinssonar, Mótettukór Hallgrímskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Harðar Áskelssonar. Við sálumessuna dansar svo Íslenski dansflokkurinn dans eftir Nönnu Ólafsdóttur og stjórnar hún jafnframt dansinum.



HÚS 19. Verkefni 1994.

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

BYGGINGARLIST
STUDIO GRANDA

Opíð frá 10-18 daglega. Til 7. maí.
Aðgangur 700 kr. Ellilífeyrisþegar
ókeypis. Sýningarskrá 1.600 kr.

MENNINGARMÁLANEFND

Kjarvalsstaða hefur tekið upp á þeirri nýbreytni, að kynna húsa-gerðarlist, líkt og t.d. ljóðlist var kynnt áður, og hefur valið Studio Granda til að ríða á vaðið, en vinnuhópurinn var stofnaður árið 1987 af þeim Margréti Harðardóttur og Steve Christer.

Í stuttum aðfaraorðum segir Guðrún Jónsdóttir meðal annars: „Byggingarlist er ein af höfuðgreinum sjónlista, nátengd höggmyndalist og málalíkt. Sökum þess hve varanleg húsa-gerð á sér skamma sögu hér á landi er það almennt ekki viðtekin skilningur að hönnun bygginga sé listræn sköpun, á sama hátt og bókmenntir, tónlist, myndlist og leiklist. Byggingarlist hefur vart náð að festa sig í sessi hér á landi sem þáttur í almennri menningarvitund og efling hennar hefur ekki fram að þessu verið hluti af opinberri menningarstefnu.“

Þetta er allt rétt svo langt sem það nær, og satt að segja er opinber menningarstefna á brauðfótum sé einungis vísað til þess hve hlutur sjónlista er sáralítil í uppeldiskerfinu og almenn fræðsla takmörkuð, jafnframt því sem fæstir fjölmiðlar hafa sérmenntaða starfskrafta til að marka stefnuna.

Rúmt ár er liðið síðan sérstök byggingarlistadeild hóf starfsemi sína í tengslum við Listasafn Reykjavíkur, og í beinu framhaldi hefur verið tekin upp sú nýbreytni að bjóða íslenskum (og vonandi einnig erlendum) arkitektum að sýna verk sín í sýningarrými Kjarvalsstaða.

„Í hlutarins eðli“

Allt horfir þetta til framfara og þótt afmarkaðar sýningar á húsa-gerðarlist séu nokkuð árviss viðburður í borgarlífinu hefur lítið borið á þeim og þær hafa yfirleitt verið þannig upp settar, að þær höfðu frekar til sérfróðra en almennings. Uppdrættir að byggingarframkvæmdum eru síður til þess fallnir að vekja áhuga þótt ljósmyndir fylgi, en mun frekar módelsmíði og vinnubækur er sýna framgang og mótun hugmynda í einföldum og og skilvirkum búningi. Þannig hefur yfirleitt verið um sýningar, sem skrifari hefur skoðað í sýningarsölum og söfnum erlendis, sem eru orðnar giska margar í tímans rás. Munurinn á vel uppsettri sýningu og á uppdráttum af byggingaframkvæmdum, er svona á móta og á góðu ljóði eða ritverki og símaskrá!

Meningarmálanefnd hefur valið að kynna fyrst stjórnuarkitekta borgarinnar, þau Margréti Harðardóttur og Steve Christer, sem reka arkitektastofuna Studio Granda og hafa þau kosið að nefna framkvæmdina sem er staðsett í vestri gangi „Í hlutarins eðli“.

Margrét og Steve eru aðallega þekkt fyrir hið umdeilda Ráðhús, svo og byggingu Hæstaréttar sem nú er að rísa milli Arnarhvals og Landsbókafsnshússins gamla. Sjálf staðsetning húsanna hefur vakið mun meiri deilur en húsinn

sjálf, sem eðlilegt má telja, enda svæðin mörgum afar hjartfólgin, en mikil og drjúg verkunnátta húsam-eistaranna er óumdeilanleg svo sem ljóslega kemur fram á sýningunni. Framkvæmdin er nokkuð sérviskuleg, en þó án þess að vera ýkja frumleg í ljósi svipaðra sýninga erlendis, og það á einkum við um skýringarmyndirnar t.d. af Arnarhól og Alþingi. Þá eru ritaðir textar á aflöngum ræmum neðantil undir myndunum og letur full smátt, þannig að það er óþarfa leikfimi fyrir skoðendur að rýna í þá. Þessi ótvíræðu frumlegheit fæ ég ekki skilið, því yfirleitt eru textar á slíkum sýningum í sjónarhæð og letur vel greinilegt og frekar í stærra laginu til áherslu og skilningsauka. Sérsmíðuð módelin eru þrýði sýningarnar, en kannski er fullmikið borið í þau og þannig man ég í augnablikinu naumast eftir öðrum stásslægri jafnvel ekki á ríkustu söfnum í heimi. Uppdrættir er þekja heilt skilrúm enda á milli, sem skiptir og ber upp sýninguna, fara vafalítið fyrir ofan garð og neðan hjá leikmönnum, og þannig séð óþarfir nema sem upplýsingar fyrir þröngan hóp fagmanna.

Athyglisverðust finnst mér tillaga að háskólabýggingum í Durham vegna þess hve vel húsinn falla inn í sýnilegt umhverfi sitt, en hér er dæmi um að hús skal byggt yfir þarfir, og um leið ber því að vera í samræmi við landslagið allt um kring. Lítið skil ég tilganginn að líkani að Húsi 19, yfir ímyndaðar þarfir listamannsins Þorvaldar Þorsteinssonar og fjölskyldu hans, og hér nokkur gestaþraut að lesa í líkan og teikningu.

Hins vegar er ég alveg með á nótunum um þýðingu slíkra sýninga fyrir íslenskar sjónmenntir, — megi þær verða sem flestar í framtíðinni og ber að þakka framtakið með virktum. Ágæt sýningarskrá liggur frammi.

Bragi Ásgeirsson



Morgunblaðið/Silli

AÐ LOKNU ávarpi bæjarstjóra skemmtu krakkar úr Bestabæ með söng.

Mærudagar á Húsavík

Húsavík. Morgunblaðið.

MÆRUDAGAR nefna Húsvíkingar lista- og menningardaga sem með sumarkomu voru haldnir á Húsavík og hófust síðasta vetrardag með ávarpi bæjarstjóra, Einar Njálssonar, sem lauk með þessum orðum: „Látum sumarkomuna vera táknræna fyrir það markmið Mærudaga að veita árlega vorvindum og nýjum gróanda inn í menningar- og listalíf á Húsavík og látum Mærudaga verða framlag okkar til að sameina þjóðina í menningar- og listastarfi.“

Opnunarhátíðin fór fram í Safnahúsinu og skemmtu þar börn úr Bestabæ með söng og jafnframt var þar opnuð myndlistarsýning 12 nafngreindra húsvískra listamanna sem sýndu

57 verka sinna auk fjölda mynda ungra listamanna frá leikskólana um Bestabæ.

Hátíðin stendur í fimm daga og er þar margt að sjá og heyra. Leikfélagið sýnir Tobacco Road og leikflokkur Framhaldsskólans Stökktu eftir Odd Bjarna Þorkelsson. Í Borgarhúsinu er ljósmyndasýning meðlima Ljósmyndaklúbbs Húsavíkur, handverkskonur í Kaðlín sýna handverk sitt og í Keldunni er sýning safnara og kennir þar ýmissa grasa m.a. safn bolla, bauka og fingurbjarga. Tónlistarviðburðir verða á hótelinu, Bakkanum og Hlöðufelli og víða um bæinn verða framreiddar veitingar svo nokkuð sé nefnt af fjölbreyttri dagskrá.

Hönnun með aðstoð tölvu

CAD-dagar í Apple-umboðinu

Kynningar á Ashlar Vellum daglega frá 15 - 17, laugardag 10 - 14

Kynningar á MiniCad daglega frá 16 - 18, laugardag 12 - 14

Kíktu inn - við erum með heitt á könnunni

25. - 29. apríl

ArchiCad
Strata Studio Pro